

Lágmarksverð kola

Yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins hefur ákveðið eftirfarandi lágmarksverð á eftirgreindum kolategundum, er gilda frá 15. júní til 31. desember 1967.

Ríkissjóður mun greiða 11% viðbót við hin ákveðnu lág-

marksverð samkvæmt heimild í 1. gr. laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, frá 21. marz 1967.

Hin ákveðnu lágmarksverð og fiskverð með framangreindri viðbót verða sem hér segir:

Lágmarksverð	Með 11% viðbót
pr. kg.	pr. kg.
Skarkoli (Plaice)	
1. flokkur A, 453 gr. til 1250 gr.	kr. 6,95
1. flokkur A, yfir 1250 gr.	— 5,05
1. flokkur A, 250 gr. til 453 gr.	— 2,64
1. flokkur B, 453 gr. til 1250 gr.	— 4,66
1. flokkur B, yfir 1250 gr.	— 3,38
1. flokkur B, 250 gr. til 453 gr.	— 2,64
Pykkvalúra (Lemon-Sole)	
1. flokkur A, 400 gr. og yfir	— 5,88
1. flokkur A, 250 gr. til 400 gr.	— 2,05
1. flokkur B, 400 gr. og yfir	— 3,92
1. flokkur B, 250 gr. til 400 gr.	— 2,05
Langlúra (Witch)	
1. flokkur A, (allar stærðir)	— 3,04
1. flokkur B, (allar stærðir)	2,04

Verðin eru miðuð við slæðan flatfisk.

Verð á stórskötu (Megrin) og öðrum flatfiski, sem ekki verður frystur til manneldis, en yrði frystur sem dýrafóður, enda má hann þá vera óslæður: Lágmarksverð pr. kg. kr. 1,20, með 11% viðbót kr. 1,33.

Verðflokkun samkvæmt framansögðu byggist á gæðaflokkun ferskfiskefirlitsins.

Verðin miðast við, að seljandi afhendi fiskinn á flutningstæki við hlið veiðiskips.

Framangreind lágmarksverð voru ákveðin með atkvæðum

oddamanns og fulltrúa fiskkaupenda gegn atkvæðum fulltrúa fiskseljenda í yfirnefnd.

Í yfirnefndinni áttu sæti: Jónas H. Haralz, forstjóri Efnahagsstofnunarinnar, sem var oddamaður, Bjarni V. Magnússon, framkvæmdastjóri og Eyjólfur Íseldur Eyjólfsson, framkvæmdastjóri, fulltrúar fiskkaupenda og Kristján Ragnarsson, fulltrúi og Tryggvi Helgason, formaður Sjómannafélags Akureyrar, fulltrúar fiskseljenda í nefndinni.

(Frá Verðlagsráði sjávarútvegsins)

FRÁ DEGI TIL DAGS


„Hann örvænti“

Lokasins í gær birtir Alþýðublaðið forystugrein um bráðabirgðalögin gegn farmönnunum. Ekki treystist blaðið til að verja þá ráðstöfun, heldur skirskotar það til umburðarlyndis manna og meðaumkunar. Segir blaðið að fólk geti „treyst því, að maður eins og Eggert G. Þorsteinsson, sem er alinn upp í verkafélagshreyfingunni og verður aldrei annað en liðsmaður hennar, leysir ekki verkfall farmanna með gerðardómi nema af því, að hann örvænti um aðra lausn. Hann hefur sjálfur átt margar viðræður við deiluaðila og reynt að koma saman miðlunartilöggu, sem forystumenn farmanna gætu fallist á. Tillagan var felld af öllum aðilum, brátt fyrir meðmæli forystumanna þeirra, og er þá venjulega illt í efni. Málið var komið í algera sjálfhæð og önnur leið var ekki fær, þótt mörgum væri lausnin óljúf“. Ráðherrann er semsagt talinn hafa gefið út lög sín í örvæntingu og með óljúfu geði.


Astæðulaust er að tortryggja góðan vilja Eggerts G. Þorsteinssonar, en góð meining enga gjörir, stóð nema hún birtist í verki. Farmenn hafa skýrt svo frá í greinargerð sem prentuð var í blöðunum í gær að „eftir viðræður við ríkisstjórnina og ósk hennar að stilla kröfum í hót, með tilliti til alvarlegs ástands í bjóðfélaginu“ hafi þeir fallið frá hinum upphaflegu kröfum „ínum og bóðit til að sætta sig við mun smávægilegri

breytingar. Það trúnaðartraust sem þeir sýndu ríkisstjórninni bar þó engan árangur — nema bráðabirgðalögin — enda bar ríkisstjórnin fram hinar kurteislegu óskir fyrir kosningar en beitti valdinu að kosningum loknum. Um þátt ríkisstjórnarinnar í deilunni áður en lögum var beitt segja farmenn: „Viðkomandi stéttarfélag yfirmanna lýsa yfir undrun og vonbrigðum yfir því úrræðaleysi sem ríkisstjórnin sýndi í þessu máli“.

Vist er það rétt hjá Alþýðublaðinu að það getur komið fyrir að ríkisstjórnir lendi í vanda vegna deilumála um kaup og kjör og telji sér óhjákvæmlegt að grípa til „óljúfra“ lausna. En núverandi ríkisstjórn hefur á valdaskeiði sínu gefið út að meðaltali tvenn bráðabirgðalög á ári til þess að skera úr um kjaradeilur — samtals 14 sinnum. Í hvert einasta skipti hafa bráðabirgðalögin verið í samræmi við óskir atvinnurekenda og andstað hagsmunum launamanna. Nýjustu lögin eru engin undantekning heldur í fullu samræmi við reglu sem er orðin svo skýr og ótvíræð að atvinnurekendur eru farnir að reikna með henni eins og sjálfsögðum viðbrögðum; komi til verkfalls biða þeir aðeins eftir lögunum. Jafnvel þótt sú skýring Alþýðublaðsins væri sönn að ráðherrar Alþýðuflokksins tækju þátt í þessum siendurteknu óþurftarverkum af örvæntingu og með óljúfu geði er það engin réttlætning; hvers vegna beita þeir ekki ljúfmennskunni þó ekki væri nema einu sinni? — Austri.



Tvær öfnar myndir Ásgerðar Esterar Búadóttur, Stíllur (til vinstri) og Vefjarhiminn.



Keramik eftir Steinunni Marteinsdóttur.



Höggmynd eftir Gerði Helgadóttur: Móðir og barn.



Einn sýningarveggurinn. Lengst til vinstri konumynd eftir Louise Matthíasdóttur, þá tvær eftir Barböru Árnason og til hægri veggteppi eftir Vigdís Kristjánsdóttur, sem hún nefnir Vetrarbrautina. (Ljós: Þjóðv. vñ).

Svipmyndir frá listsýningu kvenna að Hallveigarstöðum

■ 27 konur taka þessa dagana þátt í myndlistarsýningu sem haldin er að Hallveigarstöðum við Túngötu, húsi kvennasamtaka landsins. Er sýningin mjög fjölbreytt og skemmtileg, sem vænta má er svo margar konur leggja sitt af mörku- og virðist sem hlutur kvenna í myndlist sé sízt minni en karla. Er hér brugðið upp nokkrum myndum frá sýningunni.

Sýningin er haldin að tilhlutan framkvæmdanefndar Hallveigarstaða, sem þótti ákjósanlegt að minnst þess með listsýningu að smíði Hallveigarstaða er nú lokið og kynna um leið nokkuð af því sem konur hafa lagt af mörku í ýmsum greinum myndlistar á Íslandi síðustu áratugi. Var sýningin opnuð á degi kvenna, 19. júní sl. og verður opin til 30. júní.

Alls eru á sýningunni 54 verk eftir eftirfarandi 27 konur: Listmálarar: Barbara Árnason, Eyborg Guðmundsdóttir, Gréta Björnsson, Guðmunda Andrésdóttir, Helga Weiss Happel, Ingibjörg Eggerz, Júlíana Sveinsdóttir, Jutta Guðbergsson, Karen Agnete Þórarinnsson, Kristín Jónsdóttir, Louise Matthíasdóttir, Matthea Jónsdóttir, Nína Tryggvadóttir, Ragnheiður Jónsdóttir Ream, Ragnheiður Jónsdóttir og Sólveig E. Pétursdóttir. Myndhöggvarar: Erla Ísleifsdóttir, Gerður Helgadóttir, Gunnfríður Jónsdóttir, Melitta Urbancic, Nína Sæmundsson, Ólöf Pálsdóttir, Þorbjörg Pálsdóttir. Listvefnað sýna Ásgerður Ester Búadóttir, Vigdís Kristjánsdóttir og leirmuni Hedi Guðmundsson og Steinunn Marteinsdóttir.

Þrjár sýnenda eru látnar, Júlíana Sveinsdóttir, Kristín Jónsdóttir og Nína Sæmundsson.

★

Sýningunni hefur verið komið fyrir í tveim sýningarölum og anddyri í kjallara Hallveigarstaða, þar sem Húsmaðrafélag Reykjavíkur hefur aðsetur sitt og er inngangur frá Túngötu. Hefur húsrými ekki leyft að hér væri um neina tæmandi yfirlitssýningu að ræða, en þó má af sýningunni ráða að skerfur kvenna til myndlistar hérlandis síðustu áratugi er mikill og góður.